

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 31

Dags. 18.4.2012

Skipulags- og umhverfisnefnd - 18.04.2012

31. fundur.

18. apríl 2012 kl 13:00 -15:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Þórunn Jónsdóttir
Hörður Þór Benónýsson
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

1. Þeistareykir, vinnubúðir

S20120201

Erindi dags 28. febrúar 2012 frá Árna Gunnarssyni f.h. Þeistareykja ehf kt. 410977-2789 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir vinnubúðum verkeftirlits Þeistareykja ehf á vinnubúðareit L-07, vegna Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit. Meðfylgjandi eru uppdráttir frá Landsvirkjun dagsettir 24.2. 2012. Innkomnir nýir uppdráttir frá Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf dagsett 26.3.2012.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar, að þar sem erindið samræmist deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar verði byggingarfulltrúa falið að afgreiða það þegar deiliskipulagið sem nú bíður afgreiðslu hefur verið staðfest.

2. Belgsá/Þórðarstaðir. Skipting leigulóðar.

S20120202

Erindi dags 20. mars 2012 frá Sigurði Skúlasyni, f.h. Skógræktar ríkisins, þar sem hann óskar eftir að leigulandi í landi Belgsár/Þórðarstaða landnúmer 153382 sem nú er ein lóð sem á standa tvö sumarhús verði skipti upp í tvær lóðir fyrir sitt hvort húsið, Víðigrund stærð 1,6 ha og Garðshorn stærð 0,9 ha. Meðfylgjandi eru hnitsettir lóðauppdráttir gerðir af Rúnari Ísleifssyni í nóvember 2011.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að ganga frá skráningu lóðanna.

3. Rauðaskriða I. Afmörkun lands.

S20120201

Erindi dags 12. apríl 2012 frá Guðmundi H. Gunnarssyni f.h. Jóhannesar Haraldssonar kt. 170244-4199, eiganda Rauðuskriðu ehf, þar sem óskað er eftir heimild til að afmarka land Rauðuskriðu I úr óskiptu landi Rauðuskriðu I og III. Meðfylgjandi er uppdráttur/loftmynd með hnitsettum lóðarmörkum dags 12. apríl 2012 frá Búgarði (G.H.G.).

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt og málinu verði vísað áfram til byggingarfulltrúa til afgreiðslu.

4. Einarstaðir, Reykjadal. Breyting á deiliskipulagi.

S20120401

Erindi dags 10. apríl 2012 frá Guðmundi H. Gunnarssyni f.h. Einishúsa ehf kt. 650907-1400 þar sem óskað er eftir breytingu á gildandi deiliskipulagi. Breytingarnar felast í því að stærð

frístundahúsa stækki úr 25-45 m² í 25-50 m² og þakform sem skilgreint var sem mænispak verði gefið frjálst. Meðfylgjandi eru uppdrættir frá Búgarði (G.H.G.)

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. Hagi 1, Aðaldal. Frístundahús

S20120202

Erindi dags 10. apríl 2012 frá Guðmundi H. Gunnarssyni f.h. hönd Bergljótar Hallgrímsdóttur kt. 010352-5419 eiganda Hagi I þar sem sótt er um leyfi til að reisa frístundahús fyrir ferðaþjónustu á Jörðinni Haga I, skv. meðfylgjandi uppdrætti/loftmynd og byggingarlýsingu dags 10. apríl 2012 frá Búgarði (G.H.G.)

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að senda erindið til Skipulagsstofnunar til umfjöllunar skv. 1. tölulið 57. greinar skipulagslaga nr. 123/2010

6. Fjósatunga, Fnjóskadal. Staðsetning á nýbyggingu

S20120402

Erindi dags 15. apríl 2012 frá Valbirni Ægi Vilhjálmsyni, f.h.Svönu Ósk Rúnarsdóttur kt. 110883-4989, þar sem hann óskar eftir umsögn skipulags- og umhverfisnefndar á staðsetningu nýbyggingar (bragga nýttan til sauðburðarhýsingar) samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti/loftmynd frá M² hús (V.Æ.V). Erindinu var upphaflega vísað til skipulags- og umhverfisnefndar frá byggingarfulltrúa.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti með vísan til 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr 123/2010 þar sem hin leyfisskilda framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda.

7. Gerði, Laugum. Stækkun leigulóðar og nýr byggingarreitur

S20120403

Erindi dagsett 15. apríl 2012 frá Baldri Daníelssyni kt. 250659-3509 f. h. eigenda Gerðis í Laugahverfinu, þar sem hann óskar eftir lóðarstækkun úr ca 800 m² í ca 1.250 m². Þá óskar hann einnig eftir því að samþykktur verði byggingarreitur 5x7 m fyrir geymslu-/gestahús á norð-austur hluta lóðarinnar. Landið er í eigu sveitarfélagsins og er skilgreint sem íbúðasvæði í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Meðfylgjandi eru uppdrættir sem sýna fyrirhugaðan byggingarreit og ný lóðarmörk.

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að skv gildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar eru mörk íbúðasvæðisins 6,5 m sunnan við húsið og verða suðurlóðarmörk lóðar að miðast við þá línu. Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt að öðru leyti og byggingarfulltrúa verði falið að gera nýjan lóðarsamning þegar hnitsett lóðarmörk liggja fyrir.

8. Stekkjarbyggð 22 . Breyting á deiliskipulagsskilmálum

20120404

Fyrirspurn frá Rögnvaldi Harðarsyni f.h.Kristjáns Ellerts Benediktssonar lóðarhafa að Stekkjarbyggð 22 í Fnjóskadal þar sem óskað er eftir leyfi til að fara örlítið út fyrir byggingarreit og snúa húsi úr línu við mænissstefnu sem er fyrirskrifuð á skipulagsuppdrætti.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að til þess að kvöð um ákveðna mænissstefnu verði felld niður þurfi deiliskipulagsbreytingu skv. 1. mgr 43. gr skipulagslaga nr 123/2012 fyrir allan deiliskipulagsáfangann og bendir nefndin á að beiðni um slíkt þurfi að koma frá landeiganda sjálfum eða einhverjum í hans umboði.

Fundi slitið